

Fundargerð 41. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 7. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Sigrún Árnadóttir, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Anna Lind Ragnarsdóttir, Sigrún Árnadóttir og Steinunn María Sveinsdóttir tóku þátt í fundinum í síma.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Drög að lagafrumvarpi um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast 1. fiskeldi - 1802001SU

Boðað var til stjórnarfundarins með tölvupósti undir lok síðasta stjórnarfundar, sem fram fór 2. feb. sl. en umsagnarfræstur um frumvarpsdrögin rennur út 9. feb. nk. Fyrir fundinn hafði drögum að umsögn um frumvarpið verið dreift til stjórnarmanna.

Gestur fundarins var Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

Að yfirferð lokinni lýstu stjórnarmenn almennri ángæju með umdrædd drög. Jafnframt samþykkti sjórn tillögu Páls Björgvins að eftirfarndi breytingum:

Við drög að sameiginlegri umsögn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og sambands sveitarfélaga bætist nýr stafliður c. á bls. 5

"c. Í aðalskipulagi hefur verið miðlað á milli ólíkra og jafnvel andstæðra hagsmuna. Sú málamiðlun byggir framfarir á lýðræðislegri aðkomu íbúa að aðalskipulagsgerð og þekkingu heimamanna á staðhátum. Sem dæmi um þá andstæðu möguleika sem tekist geta á í tengslum við nýtingu innfjarða og flóa má nefna nauðsynlega efnistöku vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins á botnsvæðum fjarða, athafnarými vegna ferðapjónustu, verndum ósnortinna víðerna í þágu heimafólks og ferðapjónustu, sjóflutninga og hindrunarlaugar siglingaleiðir um firði/flóa og aðra eða sambærilega atvinnustarfsemi til skemmri og lengri tíma litið skv. gildandi aðalskipulagi. Afar mikilvægt er í þessu sambandi, að löggjafinn viðurkenni í reynd það lykilhlutverk sem staðbundnar skipulagsáætlanir hafa fyrir sjálfbæra og skynsama nýtingu, ekki aðeins á fastlandi heldur einnig á innfjörðum og flóum sem órjúfanlegum hluta af viðkomandi skipulags- og nýtingarheild."

Við bætist nýr stafliður d. á bls. 5

"Í aðalskipulagi hefur öryggisrými hafna verið skilgreint, en slík rými fara eftir skipaumferð og náttúrulegum aðstæðum á hverjum stað. Umrædd skilgreining markar mikilvæg stjórnsýsluskil á milli almanna ríkisins annars vegar og sveitarfélags hins vegar, svo að dæmi sé tekið um tilgang þeirra og gegnir að því leyti mikilvægu hlutverki fyrir ólík hlutverk og skyldur, s.s. út af björgunaraðgerðum við hamfarir af völdum veðurs og fjalla eða mannglegra mistaka."

Þá voru einnig ýmsar athugasemdir og tillögur samþykktar sem Vigdís Ósk tók niður.

Samþykkt í lok fundar að stjórnin fundi bráðlega aftur vegna stefnumótunar samtakanna í fiskeldi.

Fundi var slitið kl. 13:30

Gauti Jóhannesson

Sigrún Árnadóttir

Steinunn María Sveinsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Páll Björgvin Guðmundsson